

Ár 2019, föstudaginn 30. ágúst, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð að Fagradalsbraut 11, Egilsstöðum, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:  
Málið nr. 8/2009  
Siglingafélag Hafnarfjarðar f.h. Ísmolans  
ISL 2639  
gegn  
Besta ISL 9837, 22 Hnútar  
áhugamannafélag

Laugardaginn 24. ágúst 2019 barst skrifstofu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) í netfangið [isi@isi.is](mailto:isi@isi.is) kæra og var málinu úthlutað til ofangreinds dómara í dómstól ÍSÍ þann 27. ágúst sl. og skyldi dómari taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 26. gr. laga ÍSÍ, sbr. grein 27.2, geri það að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Aðilar hafa ekki verið boðaðir til þinghalds og er því enginn mættur í réttinum.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR:

### I.

Mál þetta var höfðað með kæru er barst skrifstofu ÍSÍ þann 24. ágúst 2019. Kærar er ódagsett.

Kærandi er tilgreindur sem Siglingafélag Hafnarfjarðar f.h. Ísmolans ISL 2639. Kærði er tilgreindur „*Áhöfn (bátur) Besta ISL 9837, 22 Hnútar, áhugamannafélag.*“

Kærandi krefst þess að kærði verði dæmdur úr leik vegna rangrar skráningar þar sem notaður var varamaður sem ekki hafði verið skráður í áhöfn bátsins fyrir fyrsta skipstjórafund.

### II.

Kæra ber ekki með sér hvenær atvik það, sem kært er, bar við eða lauk. Af fylgigönum má ráða, að kært sé vegna Íslandsmóts kjölbáta 2019, sem átti að fara fram 14. til 18. ágúst 2019 samkvæmt tilkynningu um keppni sem fylgdi kæru. Samkvæmt því skjali skyldi siglt fimmtudaginn 15. ágúst, föstudaginn 16. ágúst og laugardaginn 17. ágúst. Ef ekki hefðu náðst 5 umferðir þá, var sunnudagurinn 18. ágúst varadagur.

Í öðru fylgigagni kæru má ráða að ekkert hafi verið keppt á fimmtudeginum 15. ágúst, tvær umferðir verið sigldar föstudaginn 16. ágúst en ekkert náðst að sigla laugardaginn 17. ágúst eða sunnudaginn 18. ágúst.

Samkvæmt grein 24.1 í lögum ÍSÍ er kærufrestur *ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrott er að ræða séu ekki skemmtir frestir ákveðnir í lögum viðkomandi sérsambands.*

Ljóst er af framansögðu að keppni lauk í reynd, föstudaginn 16. ágúst 2019. Af einu fylgiskjali kæru má ráða að ætlun mótsvalda hafi verið að mótinu lyki kl. 19 laugardaginn 17. ágúst, nema ef nota þyrfti varadag. Ráða má af öðru fylgiskjali kæru að reynt hafi verið að halda keppni áfram sunnudaginn 18. ágúst, en án árangurs. Er því ekki ljóst hvenær atvik það sem kært er bar við eða ástandi lauk. Í kæru er ekki leitast við að varpa skýrara ljósi á þetta atriði.

Í röksemdakafla kæru segir:

*Í siglingum hefur alltaf verið sigldar 5 umferðir eða fleiri til að verða Íslandsmeistari en þetta var skrifað loðið þegar menn sáu veður spá sér í hag. Aðrir keppendur eru margir ekki sáttir við það þegar nánar er skoðað svo þá er best að fara eftir öllum reglum sem til eru og þess vegna kærum við. Rétt skal bara vera rétt þegar menn gera svona.*

Um sönnunargögn er fjallað með sérstakri fyrirsögn í kæru og virðist þar verið að vísa til þeirra ljósmynda sem kliptar eru inn í kæruskjalið. Hvergi gefur að líta lista yfir fylgiskjöl eða útlistun á þeim og tengingu við málatilbúnað kæranda. Þá ber annað fylgiskjalið ekki með sér frá hverjum það stafar og ekki er úr því bætt í kæru.

### III.

Dómstóll ÍSÍ hefur jafnan leitast við að leiðbeina málsaðilum sem ekki njóta aðstoðar löglærðra einstaklinga við meðferð mála fyrir dómstólinum. Að sama skapi hafa minniháttar frávik frá sumum formreglum ekki verið talin réttlæta frávísun mála, liggi kröfugerð og ágreiningur aðila skýr fyrir, sem og röksemmdir sem aðilar byggja á.

Í máli þessu er kröfugerðin nokkuð ljós, en málavaxtalýsingu, röksemdafærslu og sönnunargögn eru ekki gerð það skýr skil, að auðvelt sé að glöggva sig á málatilbúnaði kæranda.


Að mati dómsins verður ekki ráðið hvað kærandi á við þegar talað er um að menn hafi séð að veður hafi verið spáð í hag ákveðnum aðila, sbr. orðin „spá sér í hag“. Dómstóll ÍSÍ getur ekki giskað á við hvað er átt hér og verður að gera þá kröfu að málatilbúnaður sé settur fram með skýrari hætti. Þá er á reiki hvort kærufrestur hafi verið liðinn þegar kæra var sett fram og hvenær atvik það sem kært er átti sér stað eða því ástandi lauk.

Af þessu leiðir að kæra fullnægir ekki kröfum e liðar greinar 26.2 í lögum ÍSÍ um að lýsa skuli helstu málavöxtum, f liðar sömu greinar um tilvísun til lagareglна, g liðar um lýsingu á helstu röksemendum og h liðar um lýsingu á sönnunargögnum sem kærandi byggir mál sitt á.

Verður því ekki hjá því komist að vísa málinu frá dómi án kröfu. Með því gefst kæranda kostur á að bæta úr ágöllum þeim sem á kæru og málatilbúnaði hans eru, innan þess frests sem að neðan greinir.

Úrskurðarorð:

Kæru Siglingafélags Hafnarfjarðar f.h. Ísmolans ISL 2649 á hendur 22 Hnútum áhugamannafélagi f.h. Besta ISL 9837, ódagsett, er vísað frá dómi.



-----  
Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Athygli kæranda er vakín á ákvæði 24.3. í lögum ÍSÍ um þriggja daga frest til að skjóta máli aftur fyrir dómstólinn þegar því hefur verið vísað frá dómi. Fresturinn byrjar að líða þegar frávísun hefur verið birt fyrir kæranda og almennir frídagará telja ekki með. Þá hefur kærandi einnig rétt á að skjóta úrskurðinum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ skv. grein 33.1 í lögum ÍSÍ og er frestur til þess ein vika skv. grein 33.3.

Dómþingi slitið



Hilmar Gunnlaugsson